

**Nr. 073 / 09 Núpur HF 56*****Fær drauganet í skrúfuna og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 6526  
Smíðaður: Vogar 1979 plast  
Stærð: 3,2 brl. 4,1 bt.  
Mesta lengd: 7,99 m Skráð lengd: 7,9 m  
Breidd: 2,12 m Dýpt: 1,01 m  
Vél: Volvo Penta 119 kW, 1998  
Fjöldi skipverja: 1



Núpur ©Jón Páll Ásgeirsson

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælsyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 5. júlí 2009 var Núpur HF 56 á handfæraveiðum (strandveiðum) vestur af Vestrahrauni. Veður: Logn

Við veiðarnar fékk báturinn drauganet (netatein með netariðli) í skrúfuna með þeim afleiðingum að öryggishólkur brotnaði í drifinu. Bátsverjinn óskaði eftir aðstoð og björgunarskipið Ásgrímur Björnsson kom á vettvang og dró Núpur HF til Reykjavíkur.

**Við rannsókn kom fram:**

- að þetta var grásleppudræsa sem fór í skrúfuna og virtist mjög nýleg;
- að það var öryggishólkur á driföxli sem gaf sig og við það missti báturinn skrúfuna en ekki vél;
- að fram kom hjá bátsverjanum að honum virtist vera mikið af svona drauganetum á floti á svæðinu.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur sjófarendur til að hafa góðar gætur á drauganet í sjónum sé því við komið.